

Akranesi, 7. maí 2015

**Bæjarstjórn Akraness,**  
**b.t. bæjarstjóri, Regína Ásvaldsdóttir**  
**Stórholti 16 – 18**  
**300 Akranes**

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 28-1-0	Mótt. af ahj	Mótt. dags 14 MAI 2015
Ab.m. RA	Úrv.aðili RA	Afrit
Símtal	Tölvup.	Fax
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. One 1505088		

Efni: Varðar húsnæði fyrir sjúkraflutninga HVE, Akranesi

Undirritaður leyfir sér að þakka ágtan og upplýsandi samráðsfund með forráðamönnum HVE og bæjarráði, dags. 06.05.15 og uppbyggilegar viðræður um sameiginleg hagsmunamál. Meðal þess sem til umræðu kom var sameiginleg aðstaða fyrir aðila sem annast neyðarviðbúnað í bæjarfélaginu.

Í nokkurn tíma hefur verið til skoðunar að HVE eignaðist eigið húsnæði undir sjúkraflutninga stofnunarinnar en sjúkrabifreiðar hafa verið í ótryggu leiguhúsnæði um árabíl.

Þar sem um bakvaktafyrirkomulag er að ræða utan reglubundins vinnutíma hefur verið metið hvar besta staðsetning slíks húsnæðis væri hér í bænum. Út úr þeirri athugun hefur komið að staðsetning fyrir sjúkraflutningana er hentugust á svæðinu við Esjubraut, frá Olísnesti að Innnesvegi. Sú staðsetning er með greiðar leiðir í allar áttir, bæði niður í bæinn og eins út úr bæjarfélaginu. Einnig er þetta svæði mjög miðsvæðis fyrir sjúkraflutningamenn á bakvöktum til að eiga greiða leið í útköll.

Fyrir um þremur árum var gerð könnun á húsakosti sem í boði var. Það húsnæði sem hugsanlega var í boði þótti ekki hentugt fyrir sjúkraflutninga. Núverandi staða er sú að sjúkraflutningar eru í leiguhúsnæði sem er í eigu N1 og rennur leigusamningur út í september á þessu ári.

Við skoðun á framtíðarhúsnæði fyrir sjúkraflutninga á Akranesi telja forráðamenn HVE það skynsamlegan kost að kanna til hlítar hvort stofnunin gæti fengið til umráða eða eignar húsnæði Björgunarfélags Akraness að Kalmannsvöllum 2. Staðsetning er hentug og engar umtalsverðar breytingar þarf að gera á húsnæðinu svo það henti starfsemi sjúkraflutninga ágætlega.

Þróun og skipulag þessarar þjónustu er háð ýmsum óvissuþáttum. Undanfarin misseri hefur umræða um tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga verið fyrirferðamikil. Þegar horft er til framtíðar og til þeirrar uppbyggingar sem í vændum er hér á svæðinu, bæði hvað varðar íbúafjölda og stór atvinnufyrirtæki, þá er raunhæft að í framtíðinni verði komið á fót atvinnuslökkviliði á Akranesi sem hægt væri að starfrækja í samvinnu við sjúkraflutninga eins og víða er. Með kaupum HVE á húsnæði Björgunarfélagsins þá eru bæði slökkvilið og sjúkraflutningar komnir undir sama þak.


Í viðræðum milli HVE og Björgunarfélags Akraness hefur komið fram vilji fyrir frekari skoðun á hugsanlegum kaupum HVE á húsnæði Björgunarfélagsins að Kalmannsvöllum 2.

Til að af þeirri hugmynd geti orðið þarf Björgunarfélagið að eignast annað húsnæði í stað Kalmannsvalla 2. Var það hefur verið fram hugmyndum um hvort Akraneskaupstaður geti ekki komið að þessum máli og látið Björgunarfélaginu í té svonefnda „gulu skemmu“ á hafnarsvæðinu og þá jafnvel haft einhverskonar makaskipti við Björgunarfélagið á Kalmannsvöllum 2b, t.d. fyrir áhaldahús bæjarins.

Gula skemman gæti með endurbótum orðið hentugt húsnæði fyrir Björgunarfélagið, stendur við höfnina þar sem gott er að koma björgunartækjum á flot og jafnvel kom fyrir rennum út úr suðurgafli og þannig björgunartækjum beint úr húsi á sjó.

Þess er vinsamlega óskað að bæjaryfirvöld taki þetta málefni til skoðunar og leiti eftir atvikum samráðs við hagsmunaaðila í þessu máli, þ.e. Björgunarfélag Akraness og Heilbrigðisstofnun Vesturlands í þeirri viðleitni að styrkja varanlega starfsemi þessara aðila í sveitarfélaginu,

Virðingarfyllst,



Gísi Björnsson  
yfirmaður sjúkraflutninga HVE



Guðjón S. Brjánsson  
forstjóri HVE